

Reglugerð um skyldur og verkefni innlendra tilvísunarrannsóknarstofa vegna rannsókna á salmonellusýnum.

1. gr.

Í viðauka við reglugerð þessa er mælt er fyrir um skyldur og verkefni innlendra tilvísunarrannsóknarstofa vegna rannsókna á salmonellusýnum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli. Reglugerð þessi er sett með hliðsjón af ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 2004/564. Reglugerðin öðlast gildi 1. nóvember 2011.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 27. október 2011.

Jón Bjarnason.

Baldur P. Erlingsson.

I. Viðauki

Skyldur og verkefni tilvísunarrannsóknarstofa fyrir salmonellu í hverju landi fyrir sig (NRL) samkvæmt tilskipun 2003/99/EB og reglugerð (EB) nr. 2160/2003.^[1]

1. Almennar skyldur:

- a. Að starfa með tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins (CRL) á verkswiði sínu.^[2]
- b. Að samræma, eftir því sem við á, starfsemi rannsóknarstofa sem bera ábyrgð á greiningu á sýnum, einkum í samræmi við 4., 5. og 7. gr. tilskipunar 2003/99/EB.
- c. Að samræma starfsemi rannsóknarstofa sem bera ábyrgð á greiningu á sýnum í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 2160/2003.
- d. Að skipuleggja, eftir því sem við á, samanburðarprófanir á milli rannsóknarstofa, sem um getur í b- og c-lið og tryggja viðeigandi eftirfylgni slíkra samanburðarprófana.
- e. Að tryggja miðlun þeirra upplýsinga, sem tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins (CRL) lætur í té, til Matvælastofnunar og rannsóknarstofanna sem um getur í b- og c-lið.
- f. Að veita Matvælastofnun vísinda- og tækniaðstoð á verkswiði sínu.

2. Sértek hlutverk og skyldur:

- a. Að taka þátt, eftir því sem við á, í áætlunum um vöktun á salmonellu og næmi hennar fyrir sýklalyffjum samkvæmt tilskipun 2003/99/EB og í greiningu og prófunum m.t.t. salmonellu samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2160/2003.
- b. Að halda, eftir því sem við á, þjálfunarnámskeið fyrir starfsfólk viðkomandi rannsóknarstofa.
- c. Að tilkynna tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins (CRL), eftir því sem við á, um atriði sem varða bóluefnisstofna gegn salmonellu og aðrar sértækar varnaraðferðir.
- d. Að safna gögnum og upplýsingum um starfsemi sem hefur verið þróuð og aðferðir sem eru notaðar hjá viðkomandi rannsóknarstofum og tilkynna framkvæmdastjórninni um það.
- e. Að fylgjast grannt með þróun á sviði faraldsfræði salmonellu.

[1] Með tilvísunarrannsóknarstofu í hverju landi fyrir sig er átt við enska heitið „National reference laboratories“ skammstafað NRL.

[2] Með tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins er átt við enska heitið „Community reference laboratories“ skammstafað CRL.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.